

Ed.

541. Frumvarp til laga

[205. mál]

um breyting á lögum nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „eina krónu“ í 1. málsg. 1. gr. laganna kemur: þrjár krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir meir en áratug var ákveðið í lögum um eyðingu svartbaks, að greiða bæri eina krónu fyrir hvern unnin svartbak. Nú er talið, að hvert skot kosti hátt á aðra krónu, en engar nytjar eru af eldri svartböfum síðan refaeldi hvarf úr sögunni. Það leiðir því af sjálfu sér, að ekki verður svartbaksdráp með skotvopnum neinn atvinnuvegur, nema verðlaunin séu stórhækkuð, og er hækkun sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, síður en svo meiri en orðið hefur umrætt tímabil á öðrum sambærilegum greiðslum. Hækkun gjalda ríkissjóðs vegna breytingar þessarar má gera ráð fyrir að verði 4—5 þús. kr., því að árið 1950 greiddi ríkissjóður fyrir skotna svartbaka kr. 1806.00, en 1951 kr. 2496.25.

Landbúnaðarnefnd flytur frv. þetta í samráði við landbúnaðarráðherra.